



Alþingi  
Erindi nr. P 133/1014  
komudagur 16.2.2007

# Jafnréttisstofa

Alþingi - Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 15. febrúar 2007  
0702010 HRH


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Með bréfi dags. 12. febrúar 2007, mótt. 14. febrúar óskaði félagsmálanefnd alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum, mál nr. 450, ESS-reglur. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Nauðsynlegt er að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í alla löggjöf.

Að mati Jafnréttisstofu er ekkert í umræddu frumvarpi sem er andstætt markmiðum laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hinsvegar má benda á að hægt er að vísa til þeirra laga í 6. gr. þar sem fjallað er um val á fulltrúa.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir,  
frankvæmdastjóri

  
Hugrún R. Hjaltadóttir,  
sérfræðingur